

Guðný Zoëga

Fornleifakönnun í landi Spákonufells, Skagaströnd



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2018/213

Forsíðumynd: Horft til suðurs yfir minjar í túni Spákonufells.



© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2018/213

Innihald

Inngangur	2
Spákonufell - söguágrip	3
Minjar á Spákonufelli	4
Rannsókn 2018.....	5
Niðurstöður - samantekt.....	6
Heimildir	8

Inngangur


Haustið 2017 óskaði sóknarnefnd Hólaneskirkju eftir því að fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tæki að sér að kanna aldur og gerð fornra minja, meints kirkjugarðs og bæjarhóls, sem fundist höfðu í sléttuðu túni um 70m vestur af kirkjugarði Skagstrendinga á Spákonufelli. Hlaut sóknarnefndir styrk til verksins úr Uppbyggingasjóði Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.

Tvær vettvangsferðir voru farnar í Spákonufell sú fyrri 16.08.2018 og sú síðari 10.10.2018. Að vettvangsrannsóknum komu fornleifafræðingarnir Guðný Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson auk Bryndísar Zoëga, landfræðings. Skýrslugerð var í höndum Guðnýjar.

Við þökkum landeigendum og ábúendum Litla Fells fyrir að veita leyfi fyrir rannsókninni.

Leyfisnúmer Minjastofnunar Íslands: 201807-0008

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns Íslands: 2018-59



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir minjarnar í túninu vestan núverandi kirkjugarðs. Í forgrunni er meintur forn kirkjugarður og norðaustan hans aflangur bæjarhóll. Horft í austur. Örvir benda á hvar seinasti bærinn og kirkjan stóðu í núverandi grafreit. Á myndinni má sjá staðsetningu öskuhaugsins sem fannst við fornan bæ og staðsetningu mögulegrar grafar. Rétt sunnan minjanna (til hægri á mynd) má sjá far eftir niðurgröft fyrir vatnsleiðslu.

Spákonufell - söguágrip

Elsta ritheimildin um Spákonufell er skrá um rekaskipti frá því um 1200.¹ Þar segir frá skiptum á svonefndum Spákonuarfi, sem var safn rekaítaka fyrir allt að 16 jörðum á Skaga og tveimur í Refasveit. Þjóðsagan skýrir nafngift safnsins svo að ítökin hafi upphaflega verið í eigu Þórdísar nokkurrar, sem kemur fyrir í fornsögunum og var orðuð við fjölkynngi og kölluð Spákona.² Samkvæmt sögunum á Þórdís að hafa verið uppi á síðari hluta 10. aldar og búið að Spákonufelli.

Spákonufellskirkja kemur fyrst fyrir í málðaga frá 1318 en þá er hún sögð helguð hinum heilaga krossi og guðs móður Maríu, Þorláki biskupi, Jóni postula og Ólafi konungi. Þar kemur fram að kirkjan eigi hálfa jörðina og helming þess reka sem henni tilheyri og að kirkjunni skuli greidd tíund, ljós- og heytollur af sjö bæjum.³ Spákonufellskirkja kemur næst fyrir í kirkjutali

¹ Íslenskt Fornbréfasafn I. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1857-76; bls. 304-306.

² Upprunaskýringu Spákonuarfs er að finna í Þjóðsögum Jóns Árnasonar, sem hann var sjálfur heimildamaður fyrir (Ísl. Þjóðsögur og ævintýri II, bls. 88-91). Þórdís Spákona kemur m.a. fyrir í Vatnsdælasögu, Kormáks sögu og Þorvalds þætti víðförla (Íslensk fornrit VIII, bls. 199-122; Íslensk fornrit VIII, bls. 233 og 282-286; Íslendinga sögur VII, bls. 439-441).

³ Íslenskt Fornbréfasafn III. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896; bls. 172.

Hólabiskupsdæmis frá 1429 og enn í visitasíubréfi þremur árum síðar.⁴ Í visitasíubréfi frá 1461 kemur hins vegar fram að kirkjan sé ekki lengur uppistandandi.⁵

Í jarðabók frá 1686 er jörðin sögð hálf í eigu Hólastóls metin á 30 hdr.⁶ Í jarðabók frá árinu 1713 er hún sömuleiðis metin á 30 hdr. Árið 1896 er jörðin hálf í einkaeign og hálf í kirkjueign metin á 30 hdr. kúgildin 5 og landskuld 1 ½ hdr.⁷

Höfðakaupstaður, nú Sveitarfélagið Skagaströnd, var í Vindhælishreppi fram að hreppaskiptunum árið 1938 að Höfðahreppur varð til. Spákonufell var keypt af Höfðahreppi árið 1945 og er hún nú hluti af Sveitarfélaginu Skagaströnd.⁸ Sóknarkirkja var að Spákonufelli til 1928 og búið var á bænum fram yfir 1950. Engin mannvirki standa lengur á jörðinni en þar er nú kirkjugarður Skagstrendinga.

Minjar á Spákonufelli

Bæjarstæði Spákonufells liggur um 850m beint austur af þéttbýlinu Skagaströnd og um 190m norður af bænum Litla Felli sem stendur syðst í gamla heimatúni Spákonufells. Gamall túngarður og nokkrar tóftir er enn að finna í Spákonufellstúni, sérstaklega norðurhluta þess, en bærinn sjálfur stóð þar sem nú er greftrað i norðurenda kirkjugarðs og kirkjan rétt sunnan við. Engin ummerki er því lengur að finna um bæinn og kirkjuna.⁹

Sumarið 2017 tók starfsmaður Minjastofnunar Íslands loftmynd af kirkjugarðinum á Spákonufelli og umhverfi hans og kom þar fram hringlaga mannvirki í túni um 70m suðvestur af kirkjugarðinum. Rétt norðaustur af því var aflangur hóll með nokkrum dældum sem líktust tóftum. Þessar minjar liggja í sléttuðu túni og eru ógreinilegar á yfirborði en sjást betur úr lofti. Hringlaga mannvirkið sem sást á loftmyndinni svipar mjög til kirkjugarða úr frumkristni bæði að lögun og stærð. Rannsóknin miðaði að því að meta hvort um kirkjugarð gæti verið að ræða og hvort að aflöng rústabunga rétt norðan hans gæti verið fornt bæjarstæði. Efst á

⁴ Íslenskt Fornbréfasafn IV. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1897; bls. 382; 514.

⁵ Íslenskt Fornbréfasafn V. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1899-1902; bls. 354.


⁶ Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University, Lund 1967; bls. 241.

⁷ Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University, Lund 1967; bls. 241.

⁸ *Húnaþing I*. Ritnefnd Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga [etc.], Akureyri 1975; bls. 512.

⁹ Frekari lýsingu á minjum á Spákonufelli má finna á slóðinni

<http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur50-99/bsk-2009-93-skagastrond.pdf>



Mynd 2. Horft til suðurs yfir minjar í Spákonufellstúni. Kirkjugarðurinn til vinstri og bærinn Litla Fell í baksýn. Dældir á bæjarstæðinu sýnast nokkuð augljósar en voru mun óverulegri á vettvangi. Bæjarhóllinn náði þangað sem maðurinn sést vinstra megin við meintan kirkjugarð.

rústabungunni voru veggjalög og dældir sem virtust geta verið leifar seinni tíma útihúsa. Rústirnar liggja þó í sléttuðu túni sem búið er að bylta og veggir því óglöggir. Engar heimildir eru til um að Spákonufellsbær hafi verið fluttur en fornleifarannsóknir í Skagafirði sýna að flutningur bæja innan túns hafi verið nokkuð algengur til forna.

Rannsókn 2018

Rannsóknin var gerð að loknum slætti en sökum þess hve minjarnar eru óglöggar á yfirborði var byrjað á því að mynda túnið aftur með dróna til að ákvarða nánar staðsetningu meints kirkjugarðs og bæjarhóls og afstöðu þeirra í milli. Við uppmælingu á yfirborði virtist garðurinn fremur sporöskjulaga en hringlaga, 16m í þvermál frá austri til vesturs og 19m í þvermál frá norðri til suðurs. Vegna þess hve mannvirkið var óljóst á yfirborði er þó ekki hægt að fullyrða hvort það hafi í upphafi verið sporöskju- eða hringlaga. Ætlaður bæjarhóll var aflangur, um 45m langur frá norðri til suðurs og um 20m breiður frá austri til vesturs.



Mynd 3. Ljósmynd af kjarna 2 sem tekinn var í öskuhaug norðvestast á meintu bæjarstæði. Í öskuhauginum má sjá rauðleita móösku auk kola. Mannvistin milli H1104 og Landnámslagsins var þykkari í austur hluta hólsins.

Alls voru 14 borkjarnar teknir í meintan kirkjugarð auk þriggja í bæjarhólinn. Málband var lagt þvert yfir hringlaga mannvirkið frá norðri til suðurs, alls 15m að lengd. Teknir voru borkjarnar á metra fresti, þeir ljósmyndaðir og skráðir. Við aldursgreiningu var stuðst við gjóskulög. Helsta leiðarlag er hvít gjóska úr Heklu frá 1104 auk Landnámslagsins svokallaða sem féll um 870. Önnur söguleg gjóska fannst ekki.

Rannsóknin leiddi í ljós að hring- eða sporöskjulaga mannvirkið hefur verið umlukið torfgarði sem var reistur eða endurbyggður eftir 1104. Innan garðsins komu fram rótuð jarðlög með torfi, kola- og móöskudreif en alls staðar var skammt niður á náttúruleg jarðlög. Í einum kjarna komu beinaleifar á 55cm dýpi en þær voru illa varðveittar og ekki hægt að fullyrða hvort um mannabein væri að ræða. Hinsvegar var rótaður jarðvegur ofan beinaleifanna niður á 50cm dýpi og svipaði innihald kjarnans til annarra kjarna sem teknir hafa verið í forna kirkjugarða í Skagafirði. Engin gjóska var sýnileg í kjörnum yfir veggnum eða jarðlögum innan garðs, en forsöguleg gul gjóska (H3) og slitur af svartri gjósku fundust í róti. Norðvestast



Mynd 4. Kjarni 1 var tekinn í norðurhluta meints kirkjugarðsveggjar. Örvarnar benda á hvíta Heklugjósku frá 1104 sem var í nokkrum lögum í torfi.

í meintum bæjarhóli var komið niður á öskuhaug sem lá beint ofan á gjósku frá 1104 en undir gjóskunni voru óverulegri ummerki mannvistar. Austanvert á hæðinni kom hinsvegar fram um 18cm þykkt mannvistarlag undir 1104 gjóskunni. Kjarni var einnig tekinn í ávalan hrygg í túninu um 30m vestan við meintan kirkjugarð. Í ljós kom torfgarður sem í var forsöguleg gjóska en engin ummerki um H1104.

Niðurstöður - samantekt

Stærð, lögun og jarðlög innan hringlaga mannvirkisins styður að þarna geti verið um fornan kirkjugarð að ræða en frekari rannsókn þyrfti til að staðfesta það. Aldur garðsins varð ekki ákveðinn að öðru leyti en því að veggurinn sem umlukti svæðið hefur verið reistur eða endurgerður úr torfi eftir 1104. Ein möguleg gróf fannst norðanvert í garðinum. Hún var 50cm djúp frá núverandi yfirborði niður í náttúruleg jarðlög. Grafir í samtíða kirkjugörðum í

Skagafirði hafa gjarnan verið 70cm að dýpt frá því yfirborði sem var þegar þær voru teknar. Borkjarnarnir sýndu einnig að í garðinum öllum voru einungis 30-50cm niður á náttúruleg jarðlög. Það bendir til að nokkur jarðvegur sé horfinn ofan af svæðinu sem líklega tengist sléttun túna. Það er því óvíst hversu heilleg mannvirki kunni að leynast undir sverði. Beininn virtust líka illa varðveitt en mikill munur getur verið á varðveislu milli kirkjugarða, jafnvel einstakra grafa. Til að meta frekar ástand minjanna og að staðfesta hvort um kirkjugarð er að ræða þyrfti að taka könnunarskurð á því svæði þar sem að beinin komu fram í kjarnanum. Einnig þyrfti að taka könnunarskurð í torfvegginn til að greina aldur hans og mögulega gerð.

Vísbendingar eru um að aflangi hóllinn norðaustan meints kirkjugarðs sé fornt bæjarstæði og hefur byggð líklega verið hafin þar skömmu eftir landnám. Ekki var hægt að greina efri aldursmörk bæjarins en ljóst er að þar hefur verið búið í einhvern tíma eftir að 1104 gjóskan féll. Vera kann að túngarðurinn vestan meints kirkjugarðs hafi tilheyrt þessum bæ. Jarðvegi hefur verið rutt ofan af hólnum, en könnunarskurður í öskuhaug eða utanverðan hóllinn gæti varpað frekara ljósi á aldur hans. Hafi þarna verið bær og kirkjugarður á 11. öld er ljóst að þar hefur Spákonufellsbær staðið í öndverðu. Frekari rannsóknir minjanna yrðu því mikilvæg viðbót við sögu Spákonufells, sem og byggða- og kirkjusögu svæðisins.

Heimildir

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University: Lund.

Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga (2009). *Sveitarfélagið Skagaströnd. Fornleifaskráning*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2009/93.

Húnaþing I. Ritnefnd Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga [etc.], Akureyri 1975.

Íslenskt Fornbréfasafn I. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 1857-76.

Íslenskt Fornbréfasafn II. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenskt Fornbréfasafn III. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 1896.

Íslenskt Fornbréfasafn IV. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 1897.

Íslenskt Fornbréfasafn V. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 1899-1902.

Íslendinga sögur VII. Húnavetningasögur II. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík 1947.

Íslensk fornrit VIII. Fornritafélagið, Reykjavík, 1933-1968.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II. Safnað hefur Jón Árnason. Endurprentuð eftir frumútg. 1862-1864. Reykjavík, 1925.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J. Johnsen, Kaupmannahöfn, 1847.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn, 1926.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. Maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. Aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn 1861.

Yfirlitsmynd af minjum á Spákonufelli

N



Gamla bæjarstæðið

Forn bæjarhóll

Meintur kirkjugarður

Litla Fell

Hrafná

Árbakki

0 20 40 60 80 100 M



Kjarnar teknir í hringlaga mannvirki og meintan bæjarhól á Spákonufelli.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing á kjarna
K1	Spákonufell	16.08.2018	441,715.310	592,552.085	Kjarni tekinn í það sem virtist norðvestur hluta veggjar í mögulegum kirkjugarði. 0-13cm:grasrót og plógjarðvegur. 13-21cm: rótuð mold með koladreif. 21-40cm: torf með H1104. 40cm: komið niður á fast.
K2	Spákonufell	16.08.2018	441,737.865	592,587.473	Kjarni var tekinn norðvestast í meintum bæjarhóli. 0-5cm: grasrót. 5-13cm: einsleit mold með koladreif. 13-23cm: ruslahaugur, móöskulög með sóti neðst. 23-26cm: einsleit mold með koladreif. 26cm: H1104 in situ. 27-30: einsleit mold með kola- og móöskudreif. 30cm: dökkleitt gjóskulag, mögulega LNL. 32cm: óhreyft.
K3	Spákonufell	10.10.2018	441,722.503	592,555.447	Kjarni tekinn á 0m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. 0-10cm: yfirborðsjarðvegur. 10-35cm: fremur einstleitt en rótað. 35cm: H3.
K4	Spákonufell	10.10.2018	441,722.546	592,554.494	Kjarni tekinn á 1m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. 0-15cm: yfirborðsjarðvegur. 15-37cm: fremur einsleitur en þó rótaður jarðvegur. 37cm: komið niður á fast.
K5	Spákonufell	10.10.2018	441,722.673	592,553.542	Kjarni tekinn á 2m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. 0-20cm: 0-15cm: yfirborðsjarðvegur. 15-65cm: rótað með torfi og kolum, fremur einstleitt. Á 55cm kom fram bein í kjarnanum. 65cm: komið niður á fast.
K6	Spákonufell	10.10.2018	441,722.630	592,552.335	Kjarni tekinn á 3m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. 0-20cm: yfirborðsjarðvegur. 20-50cm: rót með torfflekkjum, koladreif og H3.
K7	Spákonufell	10.10.2018	441,722.821	592,551.129	Kjarni tekinn á 4m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. 0-20cm: yfirborðsjarðvegur. 20-50cm: rótuð, fremur einsleit mold með koladreif. 50cm: komið niður á fast.
K8	Spákonufell	10.10.2018	441,722.906	592,550.197	Kjarni tekinn á 5m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. 0-20cm: rótaður yfirborðsjarðvegur. 20-42cm: rótuð mold með koladreif og flekkjum af svartri þunnri gjósku. 42cm: óhreyft.
K9	Spákonufell	10.10.2018	441,723.160	592,549.393	Kjarni tekinn á 6m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. 0-50cm: yfirborðsjarðvegur og engin greinanleg mannvist.
K10	Spákonufell	10.10.2018	441,723.265	592,548.694	Kjarni tekinn á 7m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. 0-40cm: yfirborðsjarðvegur og engin greinanleg mannvist.
K11	Spákonufell	10.10.2018	441,723.350	592,547.424	Kjarni tekinn á 8m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. 0-32cm: engin mannvist í kjarna.
K12	Spákonufell	10.10.2018	441,723.414	592,546.324	Kjarni tekinn á 9m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. 0-20cm: yfirborðsjarðvegur. 20-28cm: rótaður jarðvegur með dökkri gjósku. 27-37cm: rótaður jarðvegur með kolalinsum. 37cm: óhreyft.
K13	Spákonufell	10.10.2018	441,724.027	592,544.186	Kjarni tekinn á 10m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. Engin mannvist í kjarna.
K14	Spákonufell	10.10.2018	441,724.345	592,543.191	Kjarni tekinn á 11m á línu frá norðri til suðurs í hringlaga tóft. Engin mannvist í kjarna.
K15	Spákonufell	10.10.2018	441,737.940	592,587.711	Kjarni tekinn norðvestanvert í meintan bæjarhól. 0-14cm: yfirborðsjarðvegur. 14-26cm. Þykkt móöskulag með kolum neðst. 26-29cm: einsleitara rótað lag með koladreif. 29cm: H1104 in situ. 30-33cm: fokmold með kola- og móskudreif. 36cm: Landnámslagið.
K16	Spákonufell	10.10.2018	441,756.358	592,584.295	Kjarni tekinn austanvert í meintum bæjarhóli. 0-12cm: yfirborðsjarðvegur. 12-25cm: fokjarðvegur með dálitilli koladreif. 25cm: H1104 in situ. 26-41cm: mold með möösku og koladreif. 42cm: H3.
K17	Spákonufell	10.10.2018	441,694.029	592,523.361	Kjarni tekinn í hrygg í túni sem lá norður-suður. 0-17cm: yfirborðsjarðvegur. 17-45cm: lagskipt torf með H3 og Landnámslaginu.
Túlkun: „Kirkjugarðsveggur“ eftir 1104, bein kom fram í kjarna . Bæjarhóll fyrir 1104 og í einhvern tíma á eftir.					